

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
1	Vesturmiðstöð-Suðurmiðstöð-Norðurmiðstöð-skólastjórnendur í Vesturmiðstöð-skólastjórnendur í Suðurmiðstöð-skólastjórnendur í Norðurmiðstöð	Markvisst innra mat	Efla markvisst innra mat í grunnskólum Reykjavíkur og auka hæfni fagmennskuteyma (teymi um innra mat). Skapa tækifæri fyrir stjórnendur og lykilstarfsfólk í grunnskólum í Reykjavík til að sækja sér þekkingu og efla færni í að vinna markvisst að innra mati með það fyrir augum að bæta gæði skólastarfs. Efla færni stjórnenda í gerð áætlana um innra mat; langtímaáætlun, áætlun fyrir skólaárið, umbótaáætlun og greinagerð. Rýna gæði kennslustunda. Auka samvinnu á milli skóla með virku lærdómssamfélagi um innra mat.	8.000.000	Grunn	5.000.000
2	Leikskólinn Klambrar-Leikskólinn Stakkaborg-Leikskólinn Nóaborg-Menntavísindasvið HÍ-SFS, Nýsköpunarmiðstöð menntamála	Tónlistariðkun í þremur leikskólum	Markmið verkefnisins er að kortleggja tónlistarkennslu í þremur leikskólum sem eiga í tónlistarsamstarfi með það í huga að útbúa efni sem hægt væri að deila á vef menntastefnunnar svo fleiri leikskólar geti nýtt sér þær aðferðir og leiðir sem verið er að nota í tónlistarkennslu í þessum leikskólum.	8.000.000	Leik	8.000.000
3	Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu-Fellaskóli-Hólabrekkuskóli-Suðurmiðstöð- Menntavísindasvið HÍ-Netumferðarskólinn	Farsæld til framtíðar	Markmið verkefnis er að styrkja sjálfsímynd nemenda, félagsfærni og líðan þeirra, svo að þeim líði vel í eigin skinni, stundi heilbrigðan lífstíl og byggji svo á þessum góða grunni til framtíðar.	8.000.000	Grunn / Frí	8.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
4	Grandaskóli-Rimaskóli-Laugarnesskóli-Vesturmiðstöð-Undraland frístundaheimili-Mixtúra-Nýmennt HÍ-Menntavísindasvið HÍ	HugSmiðja - Hugsandi skólasamfélag	HugSmiðja styður við Menntastefnu Reykjavíkur með áherslu á læsi, sköpun, virkni og þátttöku nemenda og sjálfseflingu kennara og nemenda, fagmennsku og inngildandi menntun fyrir alla nemendur. Verkefnið felur í sér nýja nálgun á skólabókasöfn og kennsluhætti í grunnskólum. Það er unnið í nánú samstarfi við háskólasamfélagið og mun stuðla að framþróun kennsluhátta í grunnskólum borgarinnar en einnig verður til dýrmæt reynsla í hönnun skólasafna 21. aldar skóla.	8.000.000	Grunn	8.000.000
5	Fellaskóli-Jafnréttisskólinn-Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu-Ráðgjafa- og viðbragðsteymi um óæskilega kynferðislega hegðun barna og ungmenna-Miriam Petra, fræðsluaðili um fordóma og inngildingu-Mannflóran, Chanel Björk-Menntavísindasvið HÍ	Handbókin Kynverund og kúltur	Markmið verkefnisins er að auka aðgengi að kynfræðslu fyrir fjöltýngd börn og ungmenni með því að þróa sérsniðið fræðsluefni fyrir starfsfólk sem tekur mið af menningarlegum og tungumálafræðilegum fjölbreytileika. Lögð er áhersla á að styðja kennara og frístundastarfsfólk með sérhæfðri fræðslu um mismunandi menningarheima í tengslum við kynverundina (e. sexuality) og hagnýtum verkfærum í handbók, sem auðvelda þeim að veita markvissa og aðgengilega kynfræðslu fyrir nemendur af ólíkum uppruna.	6.350.000	Grunn / Frí	6.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
6	Suðurmiðstöð-Leikskólar í Breiðholti- Grunnskólar í Breiðholti- Frístundaheimili í Breiðholti-Ýmsir sérfræðingar HÍ og HA	LÆM - Læsi allra mál	Að veita kennurum og starfsfólki markviss tækifæri til starfsþróunar og ígrundar á eigin kennsluaðferðum vegna aukinnar endurgjafar og utanumhalds og úrvinnslu úr niðurstöðum skimana. Efla enn frekar gæði kennsluhátta í leik- og grunnskólum hverfisins í gegnum aukið samstarf við sérfræðinga skólaþjónustunnar með tíðari fræðslu og ráðgjöf. Að veita börnum sem eiga í erfiðleikum markvissa íhlutun eins fljótt og auðið er ásamt því að mæta þörfum hvers og eins. Að koma á samfelldum verkferlum á milli skólastiga sem og á milli grunnskóla- og frístundastarfs. Að valdefla foreldra í hlutverki sínu sem málfyrirmyndir barna sinna með faglegri fræðslu og nálgun.	8.000.000	Grunn / Frí / Leik	7.000.000
7	Rimaskóli-Austurbæjarskóli- Menntavísindasvið HÍ-MMS- Austurmiðstöð	Heillaspor í skólastarfi	Markmið verkefnis er að setja saman lærdómssamfélag grunnskólanna tveggja sem koma að innleiðingu Heillaspora/Nurture í grunnskólum Reykjavíkur. Í aðgerðum Menntastefnu 2025-2027 er kveðið á um innleiðingu Heillaspora í allar starfsstöðvar borgarinnar. Mikilvægt er að horfa til raunprófaðra aðferða og því hyggjast grunnskólarnir fá HÍ til samstarfs.	6.000.000	Grunn	6.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
8	Vesturmiðstöð-Hlíðaskóli-Gleðibankinn-Háteigsskóli-105 félagsmiðstöð-Íþróttafélagið Valur	Ábyrgt og jákvætt samfélag	Yfirmarkmið er að vinna að öflugu inngildandi samfélagi í skólahverfi Hlíðaskóla á miðstigi grunnskólans. Undirmarkmið snúa að vinnu gegn einelti, efla jákvæða sjálfsmynd barnanna í hverfinu, aukningu á samvinnu við íþróttafélagið Val og við foreldrafélag skólans. Horft er sérstaklega til þess að auka virka þátttöku barna tómstundum, hvort sem heldur íþróttir eða þátttöku á vegum frístundamiðstöðvar eða í öðru skiplögðu ungmennastarfi.	8.000.000	Grunn / Frí / Þjónustu miðst.	4.000.000
9	Fellaskóli-Leikskólinn Holt-Leikskólinn Ösp-Menntavísindasvið HÍ	Málproski og læsi - að virkja þátttöku foreldra	Markmið verkefnis verkefnisins er að jafna tækifæri barna til náms, auka grunnfærni til að styrkja lestrarnám og styrkja um leið sjálfsmynd barnanna og foreldra þeirra. Margir foreldrar hafa ekki góð tök á íslensku og eru jafnvel ennþá að óska eftir túlkum í viðtölum þrátt fyrir að hafa búið á Íslandi í fjöldamörg ár. Því viljum við stuðla að auknu íslenskunámi foreldra samhliða því sem börnin efla sinn orðaforða. Við viljum efla foreldrafræðslu og ná betur til foreldrahópsins jafnt og þétt yfir veturinn til þess að styrkja þau í þátttöku í íslenskunámi barna sinna. Hluti af því er að kynna íslensk máhljóð og stafróf fyrir foreldrum svo þau geti lesið á íslensku. Með verkefninu viljum við stuðla að því að foreldrar auki orðaforða sinn í íslensku og verði virkari þátttakendur í námi og leik barnanna	8.000.000	Leik / Grunn	8.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
10	Borgaskóli-Engjaskóli-Víkurskóli-Vígyn-Mixtúra-HÍ	Hverfið okkar í nærmynd - rödd samfélagsins	Verkefnið hefur það markmið að efla tengsl milli nemenda Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla í samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn í Grafarvogi með því að virkja þá til að skoða og kynna samfélagið sitt. Það verður gert með því að nemendur taka þátt í að framleiða kynningarefni með kvikmyndaupptökum og hlaðvarpi um ýmsa þætti sem einkenna Grafarvog, svo sem náttúru, sögu, menningu og íbúa.	4.000.000	Grunn / Frí	4.000.000
11	Félagsmiðstöðin 100og1-Frístundaheimilið Draumaland-Menntavísindasvið HÍ-Tjörnin-Vesturmiðstöð, velferðarstarf-Girerd leikhúsið	Leiklist, dans og sköpun í Miðborginni	Megimarkmið verkefnisins er að virkja til þátttöku, sköpunar, vinna með félags- og tilfinningahæfni, þrautseigju, kenna þeim að setja sér markmið og fylgja þeim, sjá afurð verða til og búa til framtíðar áhugafólk um listir. Með þátttöku eru börn og unglingar að styrkja félagsfærni og efla jákvæð samskipti í gegnum listasköpun. Listir ýta við og stækka. Stuðla að forvörnum gegn áhættuhegðun. Auka virkni og þátttöku í skipulögðu félags-, íþrótta- og tómstundastarfi.	4.000.000	Frí	4.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
12	Vesturmiðstöð-Allir sjö borgarreknu grunnskólarnir í vesturhluta borgarinnar-Háteigsskóli-Menntavísindasvið HÍ	Samstarf grunnskóla í hverfi um námsmat	Helstu markmið verkefnis eru að borgarreknu skólarnir sjö í vesturhluta borgarinnar hjálpið að og styðji hvern annan í að vinna að sanngjörnu, markvissu og fjölbreyttu námsmati í þeim tilgangi að; samhæfa og þróa gott verklag kennara þegar kemur að námsmati út frá nýjum viðmiðum í endurskoðuðum hæfnisviðmiðum aðalnámskrár og með hliðsjón af verklagi/hugmyndafræði um leiðsagnarnám með fræðslu og samvinnu um málefnið og markvissri vinnu innan hvers skóla. - Útbúa saman grunn að handbók fyrir foreldra sem skólarnir geta staðfært með einföldum hætti	4.000.000	Grunn	0
13	Frístundamiðstöðvarnar Tjörnin, Brúin, Kringlumýri og Miðberg ásamt öllum félagsmiðstöðvum í Reykjavík-Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur- Fagskrifstofa frístundamála-Samtökin 78	Skjól í stormi	Sértækt hópstarf fyrir transbörn 13 - 16 ára. Víða um heim og í íslensku samfélagi hefur verið vegið að tilverurétti transfólks á öllum aldri. Á samráðsfundi forstöðumanna félagsmiðstöðva innan Reykjavíkurborgar í janúar 2025 var rætt um aukna fordóma sem transbörn og -ungmenn verða fyrir. Verkefnið Skjól í stormi felst í því að nýta þann kraft, þekkingu og færni sem er innan félagsmiðstöðva til að hlúa að þessum hópi ungmenna sérstaklega í sértæku starfi félagsmiðstöðva. Fræðsla til starfsfólks og foreldrasamstarf. Rannsókn á líðan transbarna og niðurstöður rýndar í lokaskýrslu.	8.000.000	Frí	7.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Tillaga/upphæð
14	Vesturmiðstöð grunnskólahluti og frístundahluti-Hagaskóli-Árbæjarskóli - Vesturbæjarskóli-Menntavísindasvið HÍ	Skólaskipið og sendiherrar hafsins	Efla forvitni, skilning/læsi á sögu, menningu, náttúru og sköpun. Unnið yrði að sjálfbærnimarkmiðum og vitund nemenda um mikilvægi sjálfbærni og sérstaklega með félagslega virkni nemenda, námsáhuga þeirra, víðsýni, skilning á sögu og menningararfi þjóðarinnar sem tengist störfum fólks í landinu nú og þá og ekki síst lífríki hafsins og hafsins sem auðlind og fæðukistu.	8.000.000	Grunn / Frí	0
				96.350.000		75.000.000